


# Klambrar ávallt á grænni grein



Skýrsla leikskólans Klambra vegna umsóknar endurnýjunar á grænfána  
vorið 2012

# Efnisyfirlit



Kynning á leikskólanum.....	3
Klambrar ávallt á grænni grein.....	4
Umhverfisnefnd.....	5
Mat á stöðu umhverfismála.....	6
Áætlun um aðgerðir og markmið.....	7
Eftirlit og endurmat.....	8
Námsefnisgerð og verkefni.....	9
Að upplýsa og fá aðra með.....	10
Umhverfissáttmáli.....	11
Lokaorð.....	12
Fylgiskjöl.....	13
1. Myndband	
2. Umhverfisgátlisti	



## Kynning á leikskólanum



Leikskólinn Klambrar er rekinn af Reykjavíkurborg. Leikskólinn sem er staðsettur við Háteigsveg 33 í Reykjavík hóf starfsemi árið 2002. Í leikskólanum dvelja 84 börn samtímis. Nánasta umhverfi leikskólans er holtið við hlið Sjómannaskólans og Háteigskirkju, Vatnsbólinn og Klambratún.

Þegar leikskólabörnin ganga um nánasta umhverfi leikskólans kemur í ljós hvernig þau umgangast náttúruna, njóta hennar og sýna umhyggju fyrir umhverfinu.

Í leikskólanum ríkir metnaður og vilji til að standa vel að umhverfismálum og umhverfismennt. Áhugi og virkni kennarans eflir börnin og styður þau. Vettvangsferðir, leikur í mold, sandi, vatni og grasi eru þættir í leikskólanum sem efla skynjun barnanna og þekkingu þeirra á umhverfinu. Grænfáninn er einn liður í að gera uppeldisstarfið sýnilegt fyrir foreldra, gesti og nágretta leikskólans. Samskipti við foreldra er mikilvægur liður í öllu starfi leikskólans.

Slagorð Klambra er "Klambrar alltaf á grænni grein".

Klambrar fengu Grænfána í fyrsta sinn árið 2010.





## Klambrar ávallt á grænni grein.



Umhverfismennt er sjálfsagður þáttur í leikskólastarfi Klambra. Í Klömbrum er ekkert sem heitir rusl heldur góss og gersemar. Pappakassar geta orðið eldflaugar, pappi sem kemur í leikskólann í formi umbúða verður að listaverki, eggjabakkar verða stoðefni í moltutunnuna og svo mætti áfram telja.

Í umsókn um Græna Fána árið 2012 eru þemu leikskólans vatn og orka. Í leikskólastarfinu ráða börnin för, áhugi þeirra og metnaður ræður hvert verkefni leiðir. Þegar þessi skýrsla er skrifuð, í apríl 2012, er vinna barnanna í fullum gangi og við eigum eftir að sjá hvert þemun leiða börnin.



Hvaðan fáum við moldina?

Af matinum og hérna eiginlega af hérna moltutunnunum.



# Umhverfisnefnd



Umhverfisnefndir í klömbrum eru tvær. Elstu börnin eru leiðandi í umhverfismálum barna og skipa umhverfisnefnd barna. Fundir umhverfisnefndar barna eru kallaðar samverustundir og hópastarf en þar fer fram umræða um umhverfismál og hvað við getum gert til að ná markmiðum leikskólans í umhverfismálum.

Mikilvægast er samt umræða sem á sér stað í gönguferðum og leik úti og inni. Þar fer fram ígrundun og lýðræðisleg umræða barnanna. Börn læra með því að gera og upplifa. Þau vinna síðan úr reynslu sinni í leik og starfi meðal annars með því að byggja úr kubbum sem er aðalefniviður í Klömbrum.



Skráning á umræðum barnanna er gerð með aðferðum sem kölluð er könnunaraðferðin. Í vetur hafa börnin kynnt sér umhverfið í gamla daga og rætt um breytingar í umhverfi og hugsunarhætti.

Umhverfisnefnd fullorðinna er deildarstjórar og hittast þeir vikulega. Á fundum umhverfisnefndar fullorðinna er farið yfir stöðu umhverfismála og gerðar tillögur um úrbætur.



## Hvernig moltum við?

Fyrst hérna, hrærum við og setjum hérna sag og mold (mó).  
Svo setjum við það í svona kassa og hellum og tökum þar úr kassanum og setjum það svo í moltutunnurnar.





## Mat á stöðu umhverfismála



Mat á stöðu umhverfismála fer fram í daglegu starfi og umræðum barnanna, bæði úti og inni.

- Gróðurinn við leikskólann—molta—dafnar gróðurinn—
- Moltan—fötur á hverri deild og við matarvagna á matartímum...hver fer út með moltuna, hver fylgist með framgangi mála í moltutunnum .....
- Úrgangur—vigt á úrgangi sem er flokkaður, samanburður milli ára.
- Orka og vatn. Huglægt mat barnanna á orkusparnaði er okkar leið til að gera hugsun um sparnað og nýtingu jákvæða. Það er mikilvægt að börn upplifi ánægu og njóti lífsgæða sem búa í umhverfinu.

Umræður barnanna um stöðu umhverfismála sjá á meðfylgjandi myndbandi og tilvitnum í það sem börnin segja, sjá grænu textaboxin í þessari skýrslu.

Umhverfisgátlisti ....

Deildarstjórar setja tilkynningar til foreldra á tússtöflu við deildirnar, á heimasíðu eða senda þær í tölvupósti. Þannig drögum við úr notkun á pappír. Fréttir af starfi leikskólans og myndir er birt á heimasíðu.

Þriggja ára börn á Holti segja hvað það er að molta.

- Þá hellum við eplinu í moltuna.
- Setjum moltuna í fötuna.
- Setja moltuna í fötuna, setjum mat, brauð.
- Maturinn fer í moltuna.
- Ýta matnum ofaní tunnuna og loka.

# Áætlun um aðgerðir og markmið



Markmið Klambra fram að umsókn árið 2012 hafa verið: Efling útikennslu, endurnýting, pappírssparnaður og orkusparnaður.

Umhverfismarkmið Klambra sem skilgreind voru fyrir mörgum árum eru sífellt í gildi. Á hverju ári koma ný börn í leikskólann og nýir kennarar.

- Við eflumst í útikennslu og þróum hana í takt við áhuga og atburði líðandi stundar.
- Við erum sífellt að finna leiðir til að endurnýta það sem til fellur og vanda okkur við val á því sem við kaupum inn í leikskólann.
- Pappírssparnaður er markmið sem fær nýjar víddir á hverjum tíma. Börnin virða pappír og nýta hann vel með því að varðveita pappír sem þau hafa notað og nota hann aftur eða þróa listaverkið/leikinn. Fullorðna fólkíð hugsar áður en það prentar út og sífellt er okkur að ganga betur að nota rafrænt bókhald.
- Plast pokar eru ekki í ruslafötum, plastpokar sem koma utan um vörur eru nýttir, ýmist fyrir bleiur eða blaut föt. Plastúrgangur úr eldhúsi er samt enn of mikill að okkar mati. Við þurfum líka að auka meðvitund foreldra um að nota aðrar leiðir en að setja blaut og skítug föt í plastpoka.
- Orka, við verðum að viðhalda markmiði um almennan orkusparnað. Það gerum við með því að upplýsa starfsmenn og börn um leiðir til að spara orku.
- Vatn og orka. Í leik læra börn um eiginleika vatnsins og tækifærum til að búa til eigin orku. Til dæmis með því að borða hollan mat og með því að nota vogarafl. Þau læra að fara sparlega með vatn og rafmagn eins og alla aðra hluti.



## Eftirlit og endurmat



Mat á árangri okkar í umhverfisstarfi fer fram í daglegri samræðu, á fundum og með því að skoða fjárhagslegan ágóða í lægri kostnaði við förgun úrgangs, vatnsnotkun og rafmagnsnotkun.

Mat foreldra fáum við í samræðum og á fundum. Foreldrar nefna umhverfismenntina sem eina af ástæðu þess að þeir hafa valið Klambra fyrir sitt barn. Foreldrar, afar og ömmur eru þátttakendur í umhverfisstarfinu á margvíslegan hátt. Þau ræða við barnið og sýna áhuga á starfinu í leikskólanum og þau koma með efni sem þau hafa flokkað heima og við nýtum það í leikskólanum.



Efling útikennslu; allir hópar vinna markviss verkefni úti, það fer eftir árstíðum hvaða verkefni verða fyrir valinu. Í haust var gróðursetning, í vetur var unnið með vatnið og verðlausan efnivið og í vor tínt rusl og gert fínt í kringum leikskólann. Yngstu börnin á Hlíð eru til fyrirmyndar í þessari vinnu.

Endurnýting; allir hópar vinna að flokkun og vinna í moltugerðinni. Myndirnar í þessari skýrslu og meðfylgjandi myndband segja meira en orð til þess að lýsa því ánægjulega ferli.

Pappírssparnaður; pappír er notaður aftur og aftur, pappír sem við ætlum ekki að nota meira er settur í Jón tunnu. Börnin hafa nafngreint flokkunartunnurnar, með því er flokkunin gerð skemmtilegri og í samræmi við umhverfissáttmála Klambra vingjarnlegri. Allir eru vinir Jörðin líka.

Orkusparnaður; við höfum ekki kveikt ljós ef ekki er þörf lýsingu, í leikskólanum eru stórir gluggar sem hleypa inn birtu og il. Í leikskólanum eru lampar notaðir til þess að spara loftlýsingu.





## Námsefnisgerð og verkefni



Flokkun: Í hópstarfi flokka börnin umbúðir og annað sem til fellur af því sem búið er að nota í leikskólanum. Þau ræða um hvað eigi að gera við efnið og hvar eigi að láta það sem við ætlum ekki að nota meira í leikskólanum. Sumt er farið með í grenndargám eða í flokkunartunnurnar við leikskólann.

Á Klambratúni á ein deildin sér tré sem hún hlúir að og heimsækir reglulega. Fer í hringleiki í kringum það og fylgist með breytingunum á því tengdum árstíðum.

Orka: Börnin skynja orku í veðri og vindum. Þau læra í leik að nota vogarafl til þess að láta hluti hreyfast. Þau læra hvernig vatn getur verið orka fyrir þau sjálf, með því að drekka það, blómin svo þau dafni og svo er hægt að nota vatn til að láta hluti færast úr stað. Þau læra í leik að vatn sem er hreint gagnast á annan hátt en vatn sem er óhreint. Þau leika sér með vatn á drullumallasvæðinu í garðinum og þau leika með vatn inni í leikskólanum.

Öll börnin í Klömbur safna lífrænum úrgangi og setja í moltutunnu í garðinum. Matarafgangur sem ekki fer í moltutunnuna í garðinum fer í moltutunnuna sem við sendum í endurvinnslustöð.

Börnin í Klömbur skynja í leik og starfi að orka og endurvinnsla, nýtni og virðing, vinátta og ígrundun eru öfl eða dygðir sem eru þeim eðlislæg. Gleði er orkugjafi sem fær miklu áorkað, þess vegna er lögð rík áhersla á gleði í öllum verkefnum.



Spjall meðal elstu barnanna  
Holt kennir Hlíð....Nei Túningar kenna Holt og  
Holtarar kenna Hlíð! Og við kennum  
Túrnurum.Já. Nei, við kennum Hlíð.Nei,  
Túrnurum! Við kennum þeim og þau kenna Holtu-  
rum og Holtarar kenna Hlíðurum.  
En þarf eitthvað að kenna ykkur þetta?  
Nei, við kunnum það :)

## Að upplýsa og fá aðra með



Á heimasíðu Klambra ætlum við að setja inn upplýsingar um umhverfismenntina í leikskólanum. Við erum nú þegar með markmiðin okkar skráð á heimasíðunni en leiðir að markmiðum sjáum við á myndasíðum og í fréttum af deildarstarfinu.

Umhverfistarf er ávallt kynnt á fundum með foreldrum og öðrum sem koma í leikskólann. Á veggjum er umhverfissáttmáli sýnilegur.

Fjölskyldur barnanna sýna það í orði og verki að þau þekkja markmið okkar í umhverfismálum. Það gera þau með því að virða reglur um flokkun og endurnýtingu. Við þurfum að efla meðvitund um notkun á plastpokum en foreldrar og starfsmenn nota enn of mikið af plastpokum undir blaut föt.

Frá upphafi hefur það verið stefna Klambra að vera leiðandi í umhverfismennt á Holtinu. Með því að flagga Græn-fánanum trúum við að nágrannar okkar í Fjöltækniskólanum, Háskóla Íslands og Háteigskirkju vilji bæta sín umhverfismál.

Í haust kom nemandi úr Fjöltækniskólanum og tók myndir af endurvinnslu og gróðursetningu í Klömbrum. Við erum með nemendur í Háskóla Íslands í verklegu námi í Klömbrum. Og síðast en ekki síst bauð leikskólinn foreldrum á námskeið í endurvinnslu. Með þessu móti sáum við frægum, boðum fagnaðarerið og fáum fleiri í lið með okkur.

Hugmyndir eru um að fá birgja/framleiðendur í lið með okkur t.d. með því að minnka umbúðir af vörum sem pantaðar eru inn af eldhúsi.



Og hvernig breytist þetta í mold?  
Með því að einhver kemur og hrærir lengi. Svo verður þetta orðið svona brúnt og þá breytist þetta í mold.



# Umhverfissáttmáli



Allir eru vinir og Jörðin líka.  
Passa náttúruna úti og inni.  
Allt í kringum okkur er náttúran.  
Læra að nota aftur og aftur,  
gera úr gömlu notuðu nýtt.  
Nota minna, passa allt.

Börnin sammæltust um umhverfissáttmálann, hann er í anda Klömbra. Allt starf í leikskólanum miðar að því að börnin skynji, í leik og starfi, að vinátta og virðing eru dygðir sem reynast okkur öllum best.

Virðing fyrir gömlu og nýju, traust sem sést í því að börnum er treyst til að leysa verkefni og finna leið til lausna á vanda sem þau standa frammi fyrir. Í Klömburum snýst ígrundun um að hlustað er á skoðanir og börnin fá tækifæri til að prófa sig áfram.

Þannig læra þau með eigin reynslu að vinátta er nauðsynleg til þess að öllum líði vel. Með því að passa náttúruna úti og inni, hafa börnin skilgreint umhverfi sitt sem náttúrulegt umhverfi hvort sem það er úti eða inni. Við göngum jafn vel um náttúruna úti og okkar eigið herbergi. Þau hafa sjálf ákveðið að við þurfum að læra að nota aftur og aftur, þau vita að stundum höldum við að við þurfum að henda einhverju en með því að ígrunda málið getum við fundið not fyrir gamalt og notað og gert eitthvað alveg nýtt, það sjáum við á hverjum degi í Klömburum. Við leggjum okkur fram við að nota minna og fara sparlega með. Það á ekki síst við í innkaupum á efnivið og vörum í leikskólanum. Fullorðna fólk þarf að byrgja á að passa notkun, á rafmagni, vatni, efni og aðföngum. Börnin bera ábyrgð eftir því sem aldur og þroski leyfir.

## Lokaorð



Það að hugsa vel um náttúruna með öllu sem því fylgir er eitthvað sem við í Klömbrum tökum alvarlega. Það er með stolti í hjarta sem við óskum eftir framlengingu á græn-fánanum. Það er von okkar að með starfi okkar séum við að ala upp einstaklinga sem í framtíðinni miðli og leiðbeini öðrum um það hvernig umgangast skuli náttúruna og þann efnivið sem hún og flokkunarkerfið býður uppá. Innan veggja Klambra verður haldið áfram á sömu braut og alltaf reynt að auka við þekkinguna sem og viðhalda því sem komið er því alltaf er endurnýjun á börnum og þeir sem fyrir eru kenna þeim sem nýir koma inn.





## Gögn sem fylgja



1. Myndband af vinnu barna við moltugerð — sent með póstinum.
2. Umhverfisgátlisti gerður í apríl 2012 — sendur sem sérskjal vegna tölvuvankunnáttu.

